

ágúst 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafn- 88
framt er úr gildi fallin bráðabirgðasamþykkt um sama efni frá 3. janúar 1934. 3. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um bryggju í Grafarnesi við Grundarfjörð.

89

7. ágúst

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð og semur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður hefir umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar og ákvörðun hreppsnefndar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða lögmælt gjald og hlíta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Njóta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja að bryggjunni tafarlaust til þess að afhenda póstinn.

Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni þess báts (skips), er skemmdirnar hljótast af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo að full-

- 89 nægjandi sé, að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður
7. ágúst ræsting á kostnað hlutaðeiganda.

7. gr.

Þeir hreifilbátar, sem stunda fiskveiðar frá Grafarneslandi yfir lengri eða skemmri tíma, greiði einu sinni á ári gjald í bryggjusjóð Grafarness, sem hér segir án tillits til þess, hvort þeir nota bryggjuna eða ekki:

1. Bátar yfir 20 rúml.	kr. 50.00
2. — milli 10 og 20 rúml.	— 25.00
3. — milli 5 og 10 rúml.	— 10.00
4. — undir 5 rúml.	— 5.00

Róðrabátar greiða ekkert gjald.

8. gr.

Af öllum vörum, innlendum sem útlendum, sem fluttar eru í land í Grafarnesslandi eða á skipsfjöl þaðan, hvort heldur eftir bryggjunni eða annarsstaðar, skal greiða það gjald er hér segir:

1. Fyrir hverja smálest af kolum, sementi og salti 50 aura.
2. — hver 50 kg. af saltfiski, verkuðum sem óverkuðum 5 aura.
3. — hverja tunnu af kjöti, salti, olíu og lýsi 20 aura.
4. — hvert ten.fet af timbri 4 aura.
5. — hver 100 kg. af öllum öðrum vörum 20 aura.

Brot af gjaldeiningu stærra heldur en $\frac{1}{2}$ er reiknað sem heill, en minna er sleppt.

Nú er gjaldskyld vara flutt aftur á skipsfjöl eða í land, hvort heldur eftir bryggjunni eða annarsstaðar til eða frá Grafarnesslandi sjóleið, og er þá samt ekki reiknað gjald nema einu sinni.

9. gr.

Undanþegin vörugjaldi eru veiðarfæri, olía og tæki, sem tilheyra bátum, er stunda veiðar frá Grafarnesi, svo framarlega sem bátarnir hafa þau sjálfir meðferðis. Ennfremur póstur og farþegaflutningur.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð innheimtir bryggjuvörður og afhendir þau hreppsnefndaroddvita mánaðarlega. Bátagjöldin falla í gjalddaga fyrir heimabáta 1. apríl ár hvert, fyrir aðkomubáta við komu þeirra til Grafarness, en vörugjöldin um leið og vörurnar koma á bryggjuna. Vörurnar má ekki afhenda né láta í skip fyr en gjaldið er greitt. Afgreiðslumenn strandferðaskipanna láta bryggjuverði í té skrá yfir vörur, sem koma eða fara um bryggjuna eða annarsstaðar um strandlengju Grafarnesslands, og bera þeir ábyrgð á að vörur verði ekki afgreiddar nema gjaldið sé greitt.

11. gr.

89

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður Grafarness við Grundarfjörð. Er hann undir umsjón hreppsnefndar Eyrarsveitar, en í vörzlum oddvita, og ber honum að sjá um, að fé sjóðsins sé ávaxtað á tryggilegan hátt, en féð má ekki nota til annars en til viðhalds og endurbóta bryggjunnar og tækja hennar eftir ákvörðun hreppsnefndar og með samþykki sýslumanns. Sjóðurinn skal ætíð vera handbær til afnota í þarfir bryggjunnar.

Reikningur bryggjusjóðs skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og reikningur hreppssjóðs. Afrit af reikningnum skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr., og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

90

um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

8. ágúst

Samkvæmt bráðabirgðalögum 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Skýlt er hverjum þeim, sem óskar að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld af framleiðslu ársins 1934, svo sem hún er skilgreind í 1. gr. téðra bráðabirgðalaga, að snúa sér þegar í því efni til stjórnar Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda á Siglufirði, sem með heimild í 2. gr. laganna er skipuð sem nefnd til þess að starfa sem sölumiðstöð fyrir alla léttverkaða saltsíld, sem seld er til útlanda og til þess að sjá um úthlutun útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa). Má engin sala á slíkri síld fara fram nema fyrir milligöngu téðrar nefndar og samkvæmt útflutningsleyfum, sem hún veitir.